

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um hunda- og kattahald í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Markmið hennar er að tryggja að hundar og kettir njóti velferðar, séu ekki til ama eða hættu fyrir fólk, dýr eða umhverfi, og að eigendur og umráðamenn axli ábyrgð á dýrunum sínum. Fyrir hönd sveitarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit samkvæmt samþykkt þessari í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands. Eftirlitsmaður getur verið verktaki með samning við sveitarfélagið eða starfsmaður sveitarfélagsins.

2. gr.

Lög og reglugerðir.

Um almennan aðbúnað, velferð og umhirðu hunda og katta gilda ákvæði laga um velferð dýra, nr. 55/2013, og reglugerðar um velferð gæludýra, nr. 80/2016.

Þar að auki gilda ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, eftir því sem við á, ásamt reglugerð um hollustuhætti, nr. 903/2024.

3. gr.

Skráning og leyfi.

Skylt er að skrá alla hunda og ketti á skrifstofu sveitarfélagsins innan tveggja mánaða frá því að þeir eru teknir inn á heimili, en við skráningu öðlast viðkomandi leyfi til að halda dýrið. Skal það gert á rafrænu formi á heimasíðu sveitarfélagsins. Leyfi til hunda- og kattahalds er bundið við tiltekinn hund eða kött og veitt lögráða einstaklingum með lögheimili í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið skal halda skrá yfir skráð dýr.

Eigendum er skylt að tilkynna dauða, flutning eða varanlega brottför dýrs úr sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn er hvenær sem er heimilt að afturkalla skráningu á einstökum hundum eða öllum hundum telji hún þess þörf.

4. gr.

Auðkenning og tryggingar.

Allir hundar og kettir skulu örmerktir og bera auðkenni sem sýnir hver sé leyfishafi.

Eigendur skulu hafa dýrin ábyrgðartryggð hjá viðurkenndu tryggingafélagi.

5. gr.

Umgengni og eftirlit.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum. Þó er heimilt að sleppa hundum lausum á skilgreindum lausagöngustöðum eða hundasleppisvæðum sem skilgreind eru sem slík á korti útgefnu af sveitarfélaginu.

Eiganda ber að fjarlægja saur eftir hund eða kött sinn á almannafæri.

Óheimilt er að fara með hund eða kött inn í leik- og grunnskóla, opinberar byggingar eða verslanir þar sem matvæli eru seld eða meðhöndluð, nema fyrir liggi skriflegt leyfi sveitarfélagsins. Undantekning á þessari reglu eru vottaðir leiðsögu- og hjálparhundar.

Kettir skulu ekki valda röskun á fuglalífi. Sveitarstjórn hvetur eigendur katta til að hengja bjöllu á þá og takmarka útiveru á varptíma fugla.

Hunda- og/eða katta eigandi ber ábyrgð á því að hundur/köttur hans raski ekki ró íbúa sveitarfélagsins og sé hvorki þeim né öðrum sem um sveitarfélagið fara til óþæginda með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.

Eigendum ber að öðru leyti að fara að lögum og reglum er hundahald varðar, s.s. reglum um árlega ormahreinsun hunda og katta samkvæmt reglugerð um hollustuhætti, nr. 903/2024, og reglugerð um velferð gæludýra, nr. 80/2016.

Hundar á lögbýlum mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Ófrjósemisaðgerðir.

Skýlt er að láta framkvæma ófrjósemisaðgerð á köttum nema þeir séu ætlaðir til undaneldis. Við skráningu dýrs í sveitarfélagið skal tilgreina ef undaneldi er fyrirhugað.

7. gr.

Brot og viðurlög.

Við brot á samþykkt þessari er sveitarstjórn heimilt að veita skriflega áminningu og setja hæfilegan frest til úrbóta.

Ef eigandi sinnir ekki áminningu eða brýtur ítrekað gegn samþykktinni getur sveitarstjórn afturkallað leyfi til hunda- og kattahalds, og er þá ekki lengur heimilt að halda viðkomandi dýr í sveitarfélaginu. Komi slíkar aðstæður upp áskilur sveitarfélagið sér rétt til að fjarlægja dýrið.

Hættulega, leyfislausa hunda og þá hunda sem ganga lausir á almannafæri skal handsama og færa í geymslu. Vitji umráðamaður ekki hunds innan 10 daga frá því að honum var tilkynnt um handsömun hans eða ef umráðamaður finnst ekki innan tíu daga er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa hundinum til nýs umráðamanns, dýramiðlunar eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði í samræmi við 24. gr. laga um velferð dýra. Séu önnur úrræði fullreynd er sveitarfélaginu heimilt að láta aflífa hundinn. Allur kostnaður við handsömun, geymslu og aflífun hundsins greiðist af eiganda.

Hafi sveitarfélagið ástæðu til að ætla að hundur sé hættulegur eða hafi valdið líkamstjóni á manni eða dýri, s.s. með biti, getur sveitarfélagið gert kröfu um að umráðamaður hunds láti hundinn undirgangast skapgerðarmat. Matið skal framkvæmt af sérfróðum aðila, s.s. dýralækni eða öðrum aðila sem sveitarfélagið telur til þess bærán. Heimilt er að leita yfirmats ef eftir því er óskað. Allur kostnaður af matinu skal greiddur af umráðamanni. Leiði skapgerðarmat í ljós að hundur telst hættulegur, getur sveitarfélagið gert kröfu til þess að hundur verði aflífaður. Sveitarfélagið getur ráðstafað hundi, sem brotið hefur af sér og skapgerðarmat leiðir í ljós að hundurinn sé til þess fallinn, til dýramiðlunar sem finnur honum nýtt heimili. Verði umráðamaður ekki við kröfum sem sveitarfélagið gerir samkvæmt þessari grein getur heilbrigðisnefnd Suðurlands eða Matvælastofnun (MAST) ákveðið að hundur undirgangist skapgerðarmat og/eða verði aflífaður.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

8. gr.

Gjaldskrá.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta gjöld vegna skráningar, eftirlits og handsömunar samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998.

9. gr.

Fristundabyggðir.

Samþykkt þessi gildir einnig fyrir eigendur frístundahúsa í sveitarfélaginu, að undanskilinni 3. gr., óháð því hvort hundar eða kettir séu skráðir í öðru sveitarfélagi.

10. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 16. febrúar 2026.

F. h. r.

Kjartan Ingvarsson.

Trausti Ágúst Hermannsson.

B deild - Útgáfudagur: 2. mars 2026